

Fálkinn Ísmar ehf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogi

Reykjavík, 18. ágúst 2025
UST202306-063/B.B.B.

Málslok

Umhverfis- og orkustofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 5. júlí 2024 um niðurstöðu eftirlits þar sem gerðar eru kröfur um úrbætur á efnavörunni Berner Zinc Spray, 98% (400 mL) sem fyrirtækið Fálkinn Ísmar ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfis- og orkustofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörurnar séu ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með hættulegum vörum til þrifa og viðhalds bifreiða sem féllu undir umfang verkefnisins og á þeim tíma sem eftirlitið fór fram. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Fálkinn Ísmar ehf. setur á markað, standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gildandi gjaldskrá Umhverfis- og orkustofnunar. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 41.600.

Upplýsingar um flokkun, merkingar og umbúðir má nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>, og upplýsingar um öryggisblöð má nálgast á <https://ust.is/atvinnulif/efni/oryggisblod/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðinga stofnunarinnar Bergdísar Bjarkar Bæringsdóttur og Fífu Konráðsdóttur í síma 569-6000 eða gegnum netföngin bergdis.b.baeringsdottir@uos.is og fifa.konradsdottir@uos.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Bergdís Björk Bæringsdóttir

Teymi efnamála

Fífa Konráðsdóttir

Teymi efnamála